Drög að matsviðmiðum fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk

Húsnæðisstaða

- Umsækjandi býr í öruggu og viðeigandi húsnæði sem mætir þörfum hans, s.s.í eigin fasteign eða í leiguhúsnæði með leigusamning sem er til lengri tíma en 6 mánaða – **0 stig**
- Umsækjandi býr í óöruggu húsnæði, s.s. tímabundinn leigusamningur, aðgengi ófullnægjandi eða uppfyllir ekki grunnþarfir vegna fötlunar umsækjanda – **2 stig**
- Umsækjandi býr hjá aðstandendum og núverandi búseta er ekki sjálfbær til lengri tíma - **2 stig**
- Umsækjandi dvelur í tímabundnu eða sérhæfðu þjónustuúrræði, á ábyrgð eða kostnað velferðarsviðs eða annars opinbers aðila, sem ekki er ætlað til varanlegrar búsetu, og þörf er á flutningi í viðeigandi húsnæði. – **4 stig**
- Umsækjandi er heimilislaus – **5 stig**

Félagslegar aðstæður

- Félagslegar aðstæður eru góðar – **0 stig**
- Stuðningur við umsækjanda reynist krefjandi við núverandi húsnæðisaðstæður – **1 stig**
- Stuðningsþörf umsækjanda er meiri en unnt er að mæta við núverandi húsnæðisaðstæður – **2 stig**
- Miklir og langvarandi erfiðleikar eru vegna félagslegra aðstæðna, s.s. ef umsækjandi fær ekki nauðsynlegan stuðning við núverandi aðstæður og heilsa, öryggi eða félagslegri þátttöku umsækjanda er í hættu – **4 stig**
- Umsækjandi hefur dvalið utan heimilis á síðustu 12 mánuðum vegna skorts á viðeigandi stuðningi sem hægt er að veita á heimili **– 4 stig**

Stuðningsþörf

- Umsækjandi er ekki metinn í þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk, getur búið sjálfstætt með almennri stuðningsþjónustu – **0 stig**
- Umsækjandi þarf reglulegan stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf ekki á næturvakt að halda – **2 stig**
- Umsækjandi þarf umfangsmikinn stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald og skipulag um eigið líf. Umsækjandi þarf á næturvakt að halda – **4 stig**
- Umsækjandi er með mikla og viðvarandi stuðningsþörf af hálfu eins til tveggja stuðningsaðila allan sólarhringinn – **6 stig**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 02.11.2026

Annað sem tekið er til greina í mati utan stigagjafar

Við mat á stuðningsþörf er litið til SIS-mats, þjónustumats, læknisfræðilegra gagna og annarra fyrirliggjandi upplýsinga. Við mat skal jafnframt líta til þess hvort önnur stuðningsúrræði hafi verið metin eða reynd og hvort þau teljist fullnægjandi til að mæta þörfum umsækjanda.

Ef umsækjendur hljóta sama stigafjölda skal fyrst líta til þess hvor þeirra búi við brýnni húsnæðisvanda, einkum heimilisleysi eða yfirvofandi rof á núverandi búsetu. Sé staða þeirra að þessu leyti sambærileg skal eldri umsókn njóta forgangs.

Matsviðmið eru endurskoðuð árlega eða þegar verulegar breytingar verða á aðstæðum umsækjanda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 02.11.2026